

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 26. apríl 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

24. apríl 1984

Nr. 17

LÖG

um sjóntækjafraeðinga.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Rétt til þess að kalla sig sjóntækjafraeðing og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrigðismálaráðherra.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum sem lokið hafa prófi frá skólum sem viðurkenndir eru sem slíkir af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið er stundað í. Leita skal umsagnar prófessorsins í augnsjúkdómum við Háskóla Íslands, félags sjóntækjafraeðinga og landlæknis áður en leyfið er veitt.

3. gr.

Nú uppfyllir umsækjandi skilyrði 2. gr. að öðru leyti en því að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang, er þá ráðherra heimilt að veita honum ótakmarkað eða tímabundið leyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

4. gr.

Ráðherra getur veitt íslenskum ríkisborgurum, sem eru í starfi við gildistöku laganna og hafa starfað í 5 ár samfellt, ótakmarkað starfsleyfi að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

5. gr.

Sjóntækjafraeðingur annast alla almenna gleraugnaþjónustu, þ. e. a. s. sölu gleraugna og vinnslu þeirra.

Sjóntækjafraeðingi er einungis heimilt að fullvinna og selja sjónhjálpartæki (gleraugu og snertilinsur) að fyrir liggja tilvisun og/eða forskrift læknis.